

Umhverfissvið Mosfellsbæjar og skipulagsnefnd
Kristinn Pálsson, Skipulagsfulltrúi

Dags. 12. ágúst 2024
Tilv. Ósk um leyfi fyrir sjálfvirkri
veðurstöð á Hlíðarvelli

Erindi: Ósk um leyfi fyrir uppsetningu sjálfvirkrar veðurstöðvar á Hlíðarvelli, Blikastaðanesi.

Sæll Kristinn

Með vísun til samskipta við golfklúbb Mosfellsbæjar (GM) og heimsóknar á Hlíðarvöll þar sem aðstæður fyrir uppsetningu sjálfvirkrar veðurstöðvar voru skoðaðar, sendi ég hér formlagt erindi þess efnis setja upp slíka stöð.

Forsaga málsins er sú að Veðurstofa Íslands (VÍ) hefur um árabil rekið veðurstöð við Korpu. Aðstæður þar eru nú breyttar frá því stöðin var upphaflega sett upp, þar sem trjágróður hefur vaxið og þrengt að, auk þess sem skipulagsáform kalla á að stöðin verði flutt innan fárra ára.

VÍ hefur því um nokkurt skeið leitað nýrrar staðsetningar í næsta nágrenni, þar sem líkur eru á að stöðin geti fengið að standa til fjölda ára, þar sem ólíklegt er að gróður eða mannvirki muni taka miklum breytingum í náinni framtíð. Niðurstaða þeirrar leitar er sú að staðsetning á miðju Blikastaðanesi inni á Hlíðarvelli þykir mjög ákjósanlegur kostur. Sjá mynd 1.



Mynd 1. Ákjósanleg staðsetning sjálfvirkrar veðurstöðvar á Blikastaðanesi, merkt með grænum punkti. Hnit: 64.166930, -21.743778 (64°10.016'N, 21°44.627'W) ISNET 366.582, 410.024.

Búnaðurinn sem fyrirhugað er að setja upp er eftirtalin:

Vindáttar- og vindhraðamæli verður komið fyrir á 10 metra háu mastri, líku því sem sýnt er á mynd 2 (Víðidalur). Um er að ræða mastur með lið í miðju sem gerir það kleift að fella efri hluta þess, til viðhalds á vindhraðamæli. Skipti á legum í mæli eða útskipting á honum í heilu lagi þarf jafnan að gera á tveggja til þriggja ára fresti.

Lofthita- og loftrakamælar, ásamt mælitækjakassa, sem hýsir m.a. mælitölvu og fjarskiptabúnað (gsm-síma). Mælitækjum er komið fyrir á slá í 2 metra hæð, en mælitækjakassa og sólarrafhlöðu sem sér búnaðinum fyrir rafmagni er komið fyrir á mastrinu sjálfu. Kvörðun mæla er að jafnaði gerð á tveggja til þriggja ára fresti.

Úrkomumæli er komið fyrir á frístandandi undirstöðu líkri þeirri sem sýnd er á mynd 2. Til að minnka áhrif vinds á mælingarnar er svokallað „pils“ í kringum op mælisins, en það er um 1 metri í þvermál og hæð þess er um 1,5 metrar. Ef möguleiki væri á að komast í rafmagn á svæðinu, 230 VAC veiturfarmagn eða 24-48 VDC, væri hægt að setja upp aðra og einfaldari tegund úrkomumælis, svokallaðan vippumæli. Hann er töluvert umfangsminni, en krefst upphitunar svo ekki frjósi í honum á vetrum, sjá innfelda mynd á mynd 2. Stærri gerðin þarfnast reglulegrar tæmingar, sem ræðst af úrkomumagni, en gera má ráð fyrir tæmingu einu til tvisvar sinnum á ári. Minni gerðin þarfnast ekki tæmingar en fjúkandi lauf og gras eiga það til að stífla trekt mælisins sem þarf þá að hreinsa öðru hverju.

Ekki er ger ráð fyrir girðingu í kring um stöðina, en upplýsingar um hana verða gefnar á skilti, um að veðurmælingar séu þar í gangi. Jafnframt er þess óskað að GM komi á framfæri upplýsingum til sinna félagsmanna og gesta að stöðin sé í þágu almennings og umgengni um hana taki mið af því.

Veðurgögn sem aflað er á stöðinni verða gerðar aðgengilegar á opnum vef VÍ en jafnframt er möguleiki á að veita beinan aðgang að þeim til birtingar á vef GM. Þegar stöðin hefur verið í rekstri um „nokkurn“ tíma er gert ráð fyrir að veðurspár verið jafnframt gerðar fyrir hana.


Ekki er fyrirhugað að gerður verði bindandi samningur um framangreinda staðsetninguna, en við það miðað að umhverfi stöðvarinnar taki sem minnstum breytingum á næstu árum svo tryggja megi sem best samfellu og samanburð veðurmælinganna yfir langan tíma.

Á mynd 3 hefur mynd af mastri eins og því sem stefnt er á að setja upp, verið sett inn á mynd sem tekin er af staðsetningunni með Esjuna og Kistufellið á bakgrunni.


Veðurstofa Íslands óskar formlegs leyfis Umhverfissviðs Mosfellsbæjar og skipulag nefndar fyrir framangreindri staðsetningu veðurstöðvar á Blikastaðanesi, en stöðin mun heita því nafni.

f.h. Veðurstofu Íslands,

Óðinn Þórarinsson
Rekstrastjóri mælikerfa AUT VÍ



Mynd 2. Sjálfvirk veðurstöð í Víðidal. 10 metra hátt mastur fyrir vindmæli og úrkomumælir eins og fyrirhugað er að setja upp á Blikastaðanesi. Á innfelldu myndinni er svokallaður vippu-mælir, sem líka væri möguleiki að setja upp ef aðgangur fengist að rafmagni.



Mynd 3. 10m hátt mastur sjálfvirkar veðurstöðvar sett inn á mynd sem tekin er af fyrirhugaðri staðsetningu sjálfvirkar veðurstöðvar á Blikastaðanesi á Hlíðarvelli í Mosfellsbæ.